Gjörðabók Holtshrepps
byrjuð 1930.

377

1.60

Gerðabók Holtshrepps
byrjuð 6. júní; 1930.

Föstudaginn 6. júní 1930,
átti hreppsnefndin í Holtshreppi
fund með sér í Tungu.
Fyrsta og helsta verkefnið var
að jafna niður útsvörum. Fram
kom, samkv. upplýsingum oddvita,
að þarfir hreppsins á s.l. ári hefðu
farið talsvert fram úr áætlun og því
verið jafnað niður heldur litlu í
fyrra. ~~og~~ Kom það þó ekki að sök,
þar eð ~~x~~ eftirstöðvar frá árinu 1928
voru svo ríflegar. Eftir nokkrar
bollaleggingar varð hreppsnefndin
~~sa~~ einhuga um, að láta útsvörin,
í þetta sinn, hækka sem allra
minst, samanlagt, enda þótt eitt-
hvað smávegilega þyrfti að grípa
til eftirstöðva frá 1929, sem mega
teljast vel ríflegar. Fór svo, að jafn-
að var niður kr. 5686.00 alls.

Aðferð við niðurjöfnunina var
höfð sú sama og s. l. ár.
Lagt var á brúttotekjur 6 af hús.
— — - nettoeign 8 — —
— — - nettotekjur 3½ - hundraði.
~~þ~~ — alt miðað við Skattskrá 1930.
Dregið frá nettotekjum 300 kr. fyrir hverju barni
á framfæri gjaldanda, innan fermingar.
Þá voru útsvörin athuguð og
samræmd. Gekk það aðallega í
lækkunarátt. Ekkert var skeytt
um lækkandi skattstiga
2. Fjallskil.
Ákveðnar almennar göngur í
var fimtudaginn 10. viku af sumri.
3. Vegamál. Oddviti skýrði frá því,
að hann hefði fengið Magnús í
Helgustöðum, sem kvað vera gam-
all vegaverkstjóri, til að sjá um sýslu-
vegavinnuna fyrir sig í sumar.

Var það álit hreppsnefndarinnar
að æskilegt væri, ef hann fengist eins
til að sjá um hreppavegavinnuna.
Fleira kom ekki til umræðu
að þessu sinni.
Jón G. Jónsson Einar B. Guðmundsson
Hannes Hannesson Guðm. Benediktsson

Árið 1930 - 15 nóvember
kom hreppsnefndin í Hallshreppi
saman að Berghyl. Til skifta ellistyrk
hreppsins. Að eins þrír nefndarmenn
voru mættir.
Til úthlutunar á þessu ári komu
Kr 235,00 og var úthlutað sem hér
segir. Guðrún Jónsd. Hólum Kr 45,00
Guðbjörg Jóhansd. Stórubrekku 20 00
Arngrímur Sveinsson Gili . . 30
flyt . Kr - 95 .

Fluttar Kr 95:-

| | | |
|---|---|---|
| Jón Gunnlaugsson | Mag. | 20 - |
| Lilja Sveinsdóttir | Bjarnarg. | 20 - |
| Kristín Þorkelsdóttir | Melbr. | 100 - |
| | alls Kr | 235:00 |

alls komu fram 6 umsóknir og voru allar teknar til greina eins og framan greind úthlutun sýnir.
Fleira ekki fyrirtekið, fundargjörð samþykt.

Fundi slitið.

Jón G. Jónsson

Guðm. Benediktsson

Pétur Jónsson

Árið 1931 föstudaginn 9 jan.
kom hreppsnefnd Holtshrepps saman á
Stórabakka. Einn nefndarmann ein
vantaði á fundinn. Petur Jónsson
Brúnastöðum

Þetta var fyrir tekið.

1 Kjósa einn mann í Skattanefnd til
6 ára og sömuleiðis varamann til
sama tíma. Aðalmaður í skattanefnd
inni sem á að ganga úr er Hannes Hannes
son á Melbreið og varamaður Sveinn
Jónsson Bjarnargili.
Kosningu hlaut Hannes Hannes-
son endurkosin með 2 atkvæðum sem
aðalmaður. og Sveinn Jónsson Bjarnarg
einig endurkosin sem varamaður
með 2 atkvæðum.

2 Oddviti ~~man~~ gat þess að mjög
hefði ~~verið~~ gengið illa inn heimta
útsvara og og hann sæi ekki fram
úr þeim vandræðum sem fyrir lægi
og gat nefndin ekkert ráð fundið
að svo komnu máli.

Fleira ekki fyrir tekið

Fundi slitið.

Jón G. Jónsson

Einar B. Guðmundsson Guðm Benediktsson

Ár 1931 27/2. var almennur hreppsfundur
haldin, í Hollshúsi á fundarhúsi hreppsins á
Stórubrekku. Oddviti hreppsins Jón G. Jónsson
setti fundin. Skrivari skeipari Páll Sigurðs-
lundi Gjørdi fundarins
1. Lesin upp úr Stýrktarsjóðs skrá
og stjórnskrá til kosninga í sveitamálum
af oddvita.
2. Vegamál. Rødd var um framhald veg-
arins frá Hoganesvík og frameftir.
Var í einhljóði samtykt tilløgg.
þess efnis: At skora skyldi á Sýslu-
fund, at løgtingið og mörkum nøgi-
legt fæ, so høgt at fullgera, at ar-
arbeiðarne vegi, á þessum fjórum var sýsluvegfund-
manni falið, at fá ~~tilhørand~~ fæ úr sýsluvegsjóði til þess, at
gera vegin, á ymsum støðum í hreppinum,
þar sem verst var.
Eins framme kom fram áskoran. ~~eftir aðra~~
~~alla~~ fundinum, að fela skyldi sýsluvegfund-
armanni, að skora á sýslufund, at á næsta vari
~~skuli~~ verði mælt fyri vegastøðini fram
Sjóvbø
3. Promilligjaldið til Sýsluvegasjóðs.
Oddviti legði fram, fyri fundinum, hvat honum
fyndist ástøða til þess, at lækka 1‰ gjald
út til sýsluvegasjóðs.
Var í møtinum samtykt svohljóðand-
andi till. "Fundurinn samtykkir at
standa skuli óbreytt 9‰ gjaldið til
sýsluvegasjóðs, sum nú er 6‰."
4. Fátækrahjálparmál. Oddviti mintist á, at
útlitið væri nú slæmt, og vel gæti so far-
ið, at fátækraskattur gæti øktur í sveitini.
Áskoði fram þess, at ekki gætti hreppurin
fargað út úr sveitini, sum ekki væri
kravt at loyva. Málið var tíðkað væl, og
var almant álitið, at neyðsynligt væri
eftir útlitið, at steðga ælgerðir frá sveitini
úti á Soltanni á Hóseldu leggi.

Tá vóru kosnir skotanevndini, tey sömu og fyrr. Jón J. Jónsson, og Jón Gunnlaugsson við øllum greiddum atkvøðum.

5. Nautgripasamtyktarnevndin. Álitið var á støði fennar, og fanst mønnum hvi hava lítið gagn, og sløgbygda gjørt fram á seinni vekstrinum. Eitt par sum vantaði tvo aðalavgjørdarmenninar, og fáir sum búgva og heim, persónar, var málið ikki sett at vinna á verk og drift, en engar ályktanir ~~gjørd~~ tiknar av;

6. Hesthúsbygging í Hoyvík. Tað var kravt á fundinum, at neyðsynligt væri at byggja hesthús í Hoyvík. Málið varð tá støgt, og tað lítið sett, meðan á einum máli ~~at~~ fram, at hetta var neyðsynligt mál, sum tyrfti at komast í framkvæmd sum allra fyrst. Er sett í verk at Ungmenningarfelagið í Hálsabygd tók hetta mál til framkvæmda

Fleiri var ikki fyri tekið fundar gjørd upplesin og samtykt.
fundi slitið.
Jón G. Joensen
Páll Sigurðsson

Þann 14 apríl 1931 hélt hreppsnefnd Hallshrepps fund með sér á Hraunum.

Oddviti lagði fram bréf frá Árna Magnússyni Kjalteyri, þess efnis, að Hallshreppur greiði fyrir hann, alla stóra upphæð sem hann skuldar. Eftir dálitlar umræður kom fram svohljóðandi til-laga frá E.B. Guðmundssyni á Hraunum sem var samþykkt í einu hljóði.

„ Með því að hreppsnefndin veit að Árni Magnússon hefði getað staðið fullkomlega í skilum á s.l. sumri við viðkjandi skuld þeirri sem um getur í bréfi hans, dagsettu 3 marz þ.á. og með því að ósk[illegible] er með öllu, að hann á samt fullt ofan um börnum sínum geti ekki unnið fyrir þeim sem í

ómegðinni, þá sér hreppsnefnd in enga ástæðu til að blandasér í einka mál hans að svo komnu og sér sér því ekki fært að greiða um getna skuld.

Jón G. Þórsson

E B Guðmundsson Hannes Hannesson Guðm. Benediktsson

1 Árið 1931 fimtud. 4 júní
kom hreppsnefnd Holtshrepps
saman í Tungu til að jafna niður
sveitarútsvörum fyrir árið 1931 auk
fleiri mála sem tekin voru fyrir
að þessu sinni jafnaði nefndin niður
kr 5712.00
Þarsem nettótekjur voru mjög litlar
veittist nefndinni mjög erfitt að fá
gott samræmi í niðurjöfnunina og tók
hún því það ráð að ~~jafna~~ leggja til grund-
vallar gildandi skattskrá og niður-
jöfnun síðasta árs og hækka svo
og lækka útsvörin eftir efnum
og ástæðum.

2. Kosning fór fram á einum manni
í kjörstjórn til alþingiskosninga
og hlaut kosningu Hannes Hannesson
á Melbreið. og í kosningu til við
hreppsnefndakosningar með
oddvita hlutu kosningu
Einar B Guðmundsson og Guðm.
Benediktsson.

3 Hús til fundarhalda fyrir hreppinn
var oddvita falið að útvega ~~fyrir~~ í
tæka tíð.

Jón G. Jónsson
Guðm. Benediktsson
Pétur Jónsson
Hannes Hannesson
Einar B Guðmundsson.

Árið 1931 Miðvikudaginn 1 júlí
kom hreppsnefnd Holtshrepps sam
an á Brúnastöðum 4 hreppsnefndar
menn voru mættir. Varðandi Hannes
Hannesson
Þetta var fyrir tekið:
1 Byggingarbygging Páls Arngr.s.
og Helga Daníelssonar.
Þar sem ofangreindum mönnum
hefir verið tilkynnt að þeir geta ekki
fengið lán úr Byggingar og land
námssjóði út á íbúðarhús á jörðum
sínum ~~nema~~ nema með hreppsábyrgð
og þeir hafa snúið sér til hrepps-
nefndarinnar um hvort hendi því
~~tíðir~~ sem þykkir hreppsnefndin
eftirfarandi ábyrgð skjal
Páll Arngrímsson bóndi í Hvammi
og Helgi Daníelsson bóndi á Sléttu
hafa tilkynnt hreppsnefndinni að

stjórn Búnaðarbankans setji að skilyrði
fyrir lánveitingu úr Byggingar og land-
námssjóði út á nýbygt íbúðarhús á eignar
jörð hans Sléttu, að hlutaðeigandi hreppsfj.
taki að sér að sjá um að húsið verði sett
á þessu ári og sérstaklega til þess vandað
og því vel viðhaldið meðan lánið hvílir á því
sökum þess að byggingarfulltrúi -
sjóðsins óttist að steypan sé ekki æski-
lega góð. Hreppsnefnd Holtshrepps hefir 2
orðið ásáttur um að verða við þessum tilmæl
um og lýsir því hér með yfir að hún tekst
ofanritaða skuldbindingu á ~~hendur~~ hend
ur

Út af framanskráðri ábyrgðar
yfirlýsingu hefir hreppsnefndin
gefið út skuldbindingarskjal á
á hendur Helga Daníelssyni
og Páli Arngrímssyni þar sem
þeim er gert að skildu að framkvæma verkið á
þessu ári annars gjöri hreppsnefndin það
sjálf á þeirra kostnað.

2 Útsvarskæra María Kristjáns dóttir.

María Kristjánsdóttir Stórubrekku hefir sent hreppsnefndinni áskorun um það að hún lækkaði útsvar sitt fyrir árið 1930 um kr 13,00. Byggir hún þessa kæru sína á því að skattanefnd hreppsins hafi lækkað skattskrá sína að all miklum mun eftir að hún hefði gengið frá henni. Hreppsnefndin lítur svo á að þarsem kærandi hafi ekki kreifst þessa máls fyrr en nú þá geti hún ekki ~~orðið~~ við kröfu ~~kæ~~ kæranda.

Fleira var ekki fyrirtekið Fundargjörð upplesin og samþykkt fundi slitið

Jón G. Jónsson
Einar B. Guðmundsson
Guðm. Benediktsson
Pétur Jónsson.

Skuldbindingaskjal þeirra Helga Daníelssonar og Páls Arngrímss.

Útaf ósk yðar herra Helgi Daníelsson bóndi á Sléttu um það að hreppsnefndin í Holtshreppi gangi í ábyrgð fyrir yður við Búnaðarbanka Íslands um viðhald á íbúðarhúsinu á Eignar- og ábýlisjörð yðar Sléttu skal þetta tekið fram: Hreppsnefndin er fús á að taka þessa ábyrgð á sig fyrir hönd hreppsins gegn eftirfarandi skilyrðum

1 Að húsið sé „spilkað" nú í sumar af manni sem hreppsnefndin tekur gildan

2 Verði nokkur undandráttur á því eða vanræksla á viðhaldi hússins meðan veðlánið hvílir á því þá sé hreppsnefndinni heimilt að gera ráðstafanir til þess að það verði bætt á kostnað eiganda hússins

Út af áskorun ydar herra Páll Arngrímss.
bóndi í Hvammi um það að hreppsnefnd-
in í Hallshreppi gangi í ábyrgð fyrir ydur
við búnaðar banka Íslands um við hafdi
á íbúðarhúsi á eignar og ábýlis jörð ydar
Skal þetta tekið fram
Hreppsnefnd er fús á að taka þessa ábyrgð
á sig ~~fyrir~~ hreppsins hönd. gegn ~~trygg~~ eftir
farandi skilyrðum:

1 Að húsið sé spottkað nú í sumar
af manni sem hreppsnefndin tekur
gildan

2 Verði nokkur undandráttur á því eða
vanræksla á viðhaldi hússins meðan að
væntanlegt lán hvílir á því, þá sé
hreppsnefndinni heimilt aðgera ráðstaf
anir til þess að úr því verði bætt á
kostnað eiganda hússins

Árið 1931 fimtu daginn 14
okt. Var hreppsnefndarfundur haldin
í Tungu að ein 3 nefndarmenn-
irnir voru mættir. þeir Pétur
Jónsson á Brúnastöðum Stam-
les Hannesson Melbreið og
oddviti Jón Sv. Jónsson
þetta var fyrir tekið:

1 Oddviti lagði fram reglugjörð
fyrir Skagafjarðarsýslu um
hreinsun hunda af bandormum
ásamt bréfi frá oddvita sýslun.
Nú þetta var nokkuð rætt og að
lokum kom nefndin sér saman
um að reyna í þetta sinn að
losna við að byggja hreinsunar
hús en í þess stað rita ~~nefndin~~ hún
sér út um að fá hús að láni
til hunda hreinsunar.

2 Oddviti lagði ~~fram~~ enfram bréf frá

oddvita sýslunefndar um breit-
ing á lögum um lögtak og fjár-
nám No 29. 16 des 1885. og
ákvað hreppsnefndin að sá lög-
á kvæði auglýsingarstaðir skildu
vera Stórhólt.

3 Skipt. Ellistyrktar fé hreppsins. Til útblutunar kom á þessu
ári kr 260. og um sóknir komu
fram 8 og var féinu skipt sem
hér segir

| | | |
|---|---|---|
| Þuríður Sumarliða d. | kr | 20 |
| Guðrún Jóhannsd. | — | 20 |
| Lilja Sveinsd. | — | 20 |
| Guðrún Jónsdóttir | — | 40 |
| Arngrímur Sveinsson | | 20 |
| Kristín Þorkelsd. | — | 100 |
| Jón Gunnlaugsson | | 20 |
| Guðbjörg Jóhannsdóttir | | 20 |
| als kr. | | 260 |

4 Oddviti skírði hreppsnefnd
inni frá að boðist mætti við að
hreppsúrinn mætti greiða minsta
kosti í bilið kr 0,500 kr fyrir
Jón Jónsson á Helgustöðum veg-
jarðar kappa hans.

5. Ákveðið að gjald fyrir fjall-
skil skuli vera kr. 3.00. —
Fleira ekki bókað fyrir.

Jón G Jóns
Pétur Jónsson.
Hannes Hannesson

Árið 1932. mánudaginn 25 janúar var almennur hreppsfundur haldinn á Stóru Brekku. Oddviti hreppsins Jón G. Jónsson setti fundinn, og tilnefndi skrifara Pál [illegible].

Þetta gerðist á fundinum.

1. Vegamál. ~~fundur~~ Oddviti hóf umræður um málið. Benti hann á, að sökum fjárhagsþrenginganna, væri vart hugsandi, að krefja gjaldendum ~~sem~~ að fyllstu skilum, og hægt væri að komast hjá þeim. Fannst honum, þrátt fyrir hina miklu vegaþörf í sveitinni, ættum við að draga saman seglin, ~~og~~ og yrðum þá að láta okkur nægja með viðhaldið, til þess að hilli á betri skilum.

Í málinu kom fram svohljóðandi tillaga frá Pétri Jónssyni.

Í tilefni af yfirstandandi fjárhagskreppu, skorar fundurinn á sýslunefnd Skagafjarðarsýslu, að draga svo úr gjöldum sýslusjóðs á þessu ári, sem þekkst er unt, og þá einkum hvað að lækkun á framlögum til nýrra vega. Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

2. Oddviti hreyfði því, að full þörf væri, að menn athuguðu, hve mikil plága það væri orðin á sveitinni, og sveitum landsins, umferðabóksalar þeir, sem ferðast hafa um hvert undanfarið sumar. Og þar sem gildi þeirra bóka, sem þeir hefðu til sölu, væri af allflestum álitið lítilsvirði, ~~benti~~ benti hann á, að ~~fram~~ full ástæða væri til þess, að þeir hreppsbúar, tækju höndum saman um, að hrinda þessari plágu af sér, og kosta ekki fé á gla, fyrir bækur þær.

Við umræður í ~~fundinum~~ málinu kom í ljós, að lítið áhuga nauðsyn til bóta, að taka föstum tökum á þessu. Var því og hreyft, að fela sýslunefndarmanni, að hreyfa þessu máli á sýslufundi. Kom fram svohljóðandi tillaga frá

Ölvita. Fundurinn samþykkti, að sýslunefndarmanninum, hreyfa því á næsta sýslufundi, að nauðsyn beri til, að sýslufélagið sé samtaka um, að hrynda af sér þeirri ágjöf, sem betli og umferðabak-sölum þeim, er ferðast um sýsluna þvera og endilanga á hverju sumri.

Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Út af þessu máli, var rætt um rekstur félags sveitarinnar. Komust fundarmenn að því að lausum tökum hefði verið tekið á félagsskapnum, og stæði rekstur félagsins ekki í eins góðu lagi og hefði þurft.

Var nú leitað skoðunar hjá fundarmönnum um hve margir vildu verða fastir félagsmenn, og reynt gera að skapa fastari skorður í félagsskapnum.

Tjáðu flestir fundarmenn sig fúsa til þess að taka þátt í félagsskapnum. Voru þeir skrifaðir á lista og voru 17 talsins

Var þá kosin bráðabirgðarstjórn, sem skyldi starfa til næsta hausts.

Þessir hlutu kosningu. Jón Gunnlaugs. Mógilli 11 atkvæðum. Páll Lundi 9 atk og Steinn Jónsson Hvring 7 atkvæðum, varamaður Guðm Benediktsson Bergþyl. með 4 atkvæðum.

3. Kosnir til fundarstjóra á þessum vetri Steinn Jónsson Hóring. Jón Gunnl. Mógilli

Fleira ekki fyrirtekið fundargjörð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið

Jón G Jónsson

Páll Sigurðsson Lr.

Árið 1932 fimtudaginn 9 júní
kom hreppsnefndin í Holts hreppi
saman. Tilefni til þess að jafnaniður
sveitar útsvörum fyrir árið 1932
Einn hreppsnefndar mannanna var
ekki mættur E.B. Guðmundsson á
Hraunum sem þá var staddur í Reykja-
víkur. Það kom í ljós að mjög var
erfitt að binda sig að öllu leyti við
framtal á skattskránum og tók því
nefndin það ráð að brúka svipaðs
álagningar aðferð eins og síðast liðið
ár og varð sú upphæð sem niður var
jafnað niður 5447 krónur.

2 Talað var um læknavitjunarstyrk
Holtshrepps árið 1931 og af því engir
hefðu sótt lækni á árinu þá varð Stefaníu
Jónasdóttir á Nefstöðum veittar
30 kr uppí sjúkdóms kostnað
Antons sál. Jónssonar manns hennar
og Hannes Hannesson í Melbreið
sem hefði þurft að sækja lækni snemma
á þessu ári voru veittar milli 60-70
krónur eða alls útluthað af styrk-
um kr. 100 = og skal afgangurinn
c. 60 kr bíða til næsta árs

3. Vorsmölun Hreppsnefndin ákvað
að almenn smölun fari fram mánud.
20 júní.

4 Vegavinna ákveðið var að sem mest
af hreppsvegagjaldinu gengi í Hrauna-
brautina að eins gert við vestu
ófærur á sýsluveginum sem ekki er hægt
hjá að komast.

5 Fleira kom ekki til bókunar.

Jón G. Jónsson

Guðm Benediktsson Pétur Jónsson

Hannes Hannesson

Mánudaginn 20 febr. var settur 1933
og haldinn miðsvetrarfundur
Holtshrepps að Stóru brekku oddv.
hreppsins setti fundinn og var kosinn
fundarstjóri Jón Sigmundsson
1 mál á dagskrá „Vegamál" Framsögu
í málinu hafði Jón G. Jónsson
leitaði hann hófanna hjá fundar-
mönnum hvað þeir vildu með vega-
sjóðsgjaldið hvert þeir vildu hafa
það eins og það hefði verið, eða níra
það. Undir umræðunum kom fram
svohljóðandi tillaga frá oddvita:
Fundurinn samþykkir að gjald í
vegasjóð sé á þessu ári 6 ‰ með því
skilyrði að vinna fáist inn í hreppinn
sem nemur ekki lægri upphæð: að
öðrum kosti falli gjaldið niður í ár.
2. Tillaga kom frá oddvita um Fljótár
brú. svo hljóðandi: Fundurinn

lítur svo á að Fljótárbrú sé orðin mjög
hættuleg til yfirferðar og skorar á
sýslunefnd Skagafjarðarsýslu að
láta fara fram á næsta ári tryggilega
aðgerð; eða láta byggja ~~hana upp~~ að nýju.
2. mál. Oddviti las upp bréf frá
búnaðarráðunaut Páli Sófoníassyni
þess efnis að hrúta sýning ætti að fara
fram í Skagafjarðarsýslu á næsta haust
~~gjald á~~ Styrkur til sýningarinnar voru
2 aura á hverja framtaldakind í hrepp.
Allir fundarmenn voru því samþykkir
að hrútasýning yrði höfð í hreppnum.
3. mál: var ~~um~~ heybyrgða skoðanir í
í hreppnum. Kosnir voru þeir sömu
og árið áður. Jón Gunnlaugsson Móafelli
og Steinn Jónsson Hring.
4. mál: Teknar böðunarskýrslur.
5. mál. Talað var um kynbótanaut
sveitarinnar og skýrði oddviti frá því

að hreppurinn mundi inn kalla alla
nautstolla hvort menn héldu kúm sínum
undir sín eigin naut eða annara.
að undanskyldum þeim sem undan-
þágu fengu á síðasta hausti.
Samþykt var að hafna þessu
nauti og fyrir komulagi á komand-
ári og mætti hver hafa naut sem
vildi.
6. mál: Gangnamál: Mál þetta var
nokkuð rætt. Samþykt var með öllum
greiddum atkvæðum að jafna niður
fjallskilum á hausti í ölt heimalönd.

Hannes Hannesson
Jón Guðjónsson

Árið 1933 fimtudaginn 23 febrúar
kom hreppsnefndin í Holtshreppi saman í
Tungu. að eins 3 hreppsnefndarmenn voru
mættir 2 fjarverandi Einar Bl.... í Reykjav
og Pétur Jónsson í Vestmannaeyjum.
Þá var fyrir tekið.
1 Árni Magnússon Hjalteyri.
Maður þessi hafði þegið s.l. ár í annað
þúsund krónur og hreppsnefndin í vandræðum
bæði fjárhagslega og einnig hvernig hún skildi
haga sér í framtíðinni hvað þennan mann snerti
Eftir miklar bollaleggingar var samþykt
svolátandi tillaga frá Hannesi Hanness.
Fundurinn ályktar að ekki sé ráðlegt að taka
Árna til á næstavori ef þess væri kostur að
hann gæti orðið kyr þarna á þeim grund-
velli sem hreppurinn segi sér sleppt.
og í sambandi við það var samþykt að
Á oddviti færi til Hjalteyrar á þess-
um vetri og athugaði kringumstæður

Árna og um leið þ. reyndi að komast
að skinsamlegum samningum við hreppsn.
~~Hr~~ Árnarneshr.

2 Fjallskilamál voru talsvert mikið
rædd, en engar verulegar samþyktir
voru gjörðar.

Ýmislegt fleira var rætt en engar
ákvarðanir teknar

Fleira ekki fyrirtekið

Fundi slitið

Jón G. Jónsson

Hannes Hannesson   Guðm. Benediktsson

Miðvikudaginn 28. júní 1933
átti hreppsnefndin í Holtshreppi
fund með sér í Tungu. ~~til~~ Þetta gerðist:

1. Jafnað niður útsvörum fyrir árið
1933. Jafnað var niður kr. 4735.00
— fjögur þúsund sjöhundruð þrjátíu
fimm krónum — og er það
ca 700 kr. lægra en í fyrra.

2. Kosnir 2 menn til að aðstoða
við hrútasýningu á komandi
hausti, Jón G. Jónsson og Einar
B. Guðmundsson. Til vara
Guðmundur á Berghyli

3. Oddviti gat þess, að nokkuð
margir kýreigendur mundu þykjast hafa
lögleg forföll til þess, að hafa
ekki notað sveitarnautið
s.l. vetur. Hreppsnefndin ákvað
að fela oddvita að innheimta
~~það~~ þá nautstolla, sem hægt er, og geymi

sé rétt til að taka síðar ákvörðun um það, sem ekki innheimtast með góðu.

4. Samþykkt var, að kaupa refanet ~~til~~ í rétt á Þrasastöðum á næsta vori, svo hægt sé að reka þar inn fleira fé en nú. Er það talið til tölúverðra þæginda fyrir þá fjáreigendur í hreppnum, sem missa fé sitt óráið á afréttina að vorinu

5. Kosinn maður í kjörstjórn, Hannes Hannesson á Melbreið.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundargerðin lesin upp og samþykt.

Jón G. Jónsson

Einar B. Guðmundsson Guðm Benediktsson

Hannes Hannesson Pétur Jónsson

Árið 1934 sunnudaginn 17 febrúar kom hreppsnefndin í Hálshrepp saman í Tungu.

Þar sem 2 nefndarmenninir eru til vetrar dvalar í Reykjavík þá varð að eins hinir þrír mættir.

Þetta var fyrir tekið

1 Skifting á Ellistyrktarsjóði hreppsins. Að þessu sinni komu fram 8 umsóknir sem voru teknar til greina og úthlutað sem hér segir

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Kristín Þorkelsd. | Kr | 90,00 |
| 2 | Guðbjörg Jóhannsd. | — | 30.00 |
| 3 | Guðrún Jónsdóttir | — | 40 00 |
| 4 | Arngrímur Sveinsson | — — | 30 — |
| 5 | Kristján Bjarnason | — . | 20 |
| 6 | Guðrún Jóhannsdóttir | — — | 20 - |
| 7 | Jón Gunnlaugsson | — — | 20 |
| 8 | Þuríður Sumarliðad. | - | 20 |
| | alls Krónur | | 270.00 |

og er það það fé sem kom til
skifta á þessu ári
2 Talað um ómaga skifti milli Haganess og Holts hrepps sem fram eiga að fara á þessum vetri og taldi hreppsnefnd að þeir 3 nefndarmenn sem væru heima væru sjálfkjörnir til þess að vera við skiftin fyrir hönd hreppsins.
3 Oddviti lagði fram bréf frá Brunabótafélagi Íslands þar sem stjórn félagsins óskar þess að hreppsnefndin tilnefni virðingarmann og varamann til virðingar og einnig bendi á annan virðingarmann og varamann fyrir félagsins hönd og einnig að hreppsnefndin bendi á umboðsmann ef hún vill ekki annast það starf sjálf eins og lög mæla fyrir. Umboðsmann fyrir félagsins hönd skipaði nefndin Jónstein

bónda Tungu. Virðingarmann fyrir hreppinn tilnefndi hún Eirík Guðmundsson timburmann í Tungu 1 og til vara Valgarð Kristjánsson bónda í Lambanesi og benti á hinn virðingarmanninn Guðm. Benedss. bónda á Berghyl og til vara Jón Gunnlaugsson bónda á Másfelli
4 Oddviti tilkynti að hann hefði samið við oddvita Arnarneshrepps um um skuld Arna Magnússonar á Hjalteyri um sem væri á annað þúsund krónur og skifti hreppurinn greiða 300 krónur á ári
5 Oddviti gat þess að sér hefði borist bréf frá Jóni Sigurðsyni alþingism. á Reynistað að hægt mundi vera að fá Fljótaárbrú byggða á þessu ári gegn því að Fljótamenn legðu fram vinnu sem greiddust með ríkis

skulda bréfum og svaraði oddviti
því að menn mundu vilja leggja
fram vinnu og hreppurinn mundi
kaupa sikkis skulda bréfin.

6 Lagt fram bréf frá 20 kjósendum
í Stíflu þar sem þeir fara fram á að
Stíflan verði gjörð að sérstakri
kjördeild. Nefndin samþykkti
að fela oddvita sínum ~~að fela oddvita~~
senda bréf þetta til yfir-kjörstjórnar
svo sem lögmælt fyrir.

Tungu 17 febrúar 1934
Jón G. Jónsson Guðm. Benediktsson
Hannes Hannesson

Árið 1934, laugardaginn 3ja ~~febrúar~~ mars
var miðsvetrarfundur í Holtshreppi
haldinn að Miðgarði í Stíflu.
Fundinum stjórnaði Jón G. Jónsson
Tungu. Nefndi hann til fundarskrifara
Jóhann Guðmundsson á Þrasastöðum.

Þetta gjörðist:

1. Fordagaskoðunarmenn voru kosnir, í vetur
Steinn Jónsson Hring og Jón Sigmundsson
Mólastöðum.

2. Eftir litlar umræður var samþykkt
að kaupa núverandi læknisbústað
í Hofsós, á þeim grundvelli sem búið
er að gera í málinu. Einnig var sýslu
nefndarmanni falið að sækja um styrk
úr sýslusjóði, á næsta sýslufundi, til þessara
kaupa, eftir því sem hann sér sér frekast ~~fæligt~~
fært.

3 Samgöngumál. Samþykkt var að
sýsluvegaskatturinn í ár, verði eins og

verið hefur 6 af þúsundi.
Sýslunefndarmanni var falið að sækja
um styrk úr sýslusjóði, til vegagerðar
í hreppnum, á næsta vori, svo háan, sem
hann telur mögulegt. Í sambandi við
þetta var mikið rætt um vegagerðina
sem þegar er af hendi leyst í sveitinni.
Kom fram megn óánægja með frágang
hennar og sérstaklega voru menn óánægðir
með mann þann sem stjórnaði vega-
gerðinni hér í hreppnum síðastliðið vor,
og þess óskað að innsveitarmenn gætu alfarið notið vinnunnar.
Þá urðu langar umræður um kaupgreiðslu við
vegavinnu að sumri, hér í sveitinni. Engin
tillaga kom fram. Óskað var eftir að
vegavinnu skýrsla eftirleiðis sé í höndum
sveitarstjórnar eða oddvita hennar, svo
menn geti átt kost á að athuga hana.
4. Í sambandi við brúarbygginguna, sem fram
á að fara yfir Fljótaá næsta sumar
var um það rætt hvort að menn vildu

vinna við brúna gegn greiðslu í útsvars-
skuldabréfum og tóku menn allvel í það.
5. Óskað var eftir að oddviti athugaði um
hvort ekki væri rétt að manntalsþing
fyrir Holtshrepp yrði í framtíðinni
haldið inn í ~~Hr~~ hreppnum í staðinn
fyrir niður í Haganesvík eins og nú er
6 Borið var upp hvernig úttíningur úr
Kleifnarétt yrði í framvegis rekinn
til aðalréttar. Var því vísað til hrepps-
nefndar.
7 Því var hreyft hvort ekki væri
ráðlegt að smalað yrði ~~fyr~~ til haustrétta
fyren verið hefur. Var lítið um það rætt af
því menn voru ekki undir það búnir að taka
afstöðu til málsins.
Margt fleira var rætt, sem ekki
þótti ástæða til að bóka
Fundi slitið.

Jón G. Jónsson

Jóhann Guðmundsson.

Ár 1934, þriðjudaginn 22/5 var hreppsnefndarfundur haldinn að Störubrekku.

Þetta var fyrir tekið.

1. Þar sem ákveðið hafði verið að skifta hreppnum í tvær kjördeildir, voru kosnir í tvær kjörstjórnir. Þessir voru kosnir.

Í ~~Stórholtsholts~~ Stórholtsdeild: auk hreppstjóra: Jón Arngrímsson og Sveinn Jónsson. til vara Valgarð Kristjánsson og Þorsteinn Helgason. —

Í Bakkadeild: Jóhann Guðmundsson Jón B. Jónsson og Jón Gunnlaugsson Brúnastöðum. Til vara ~~Þorsteinn~~ Þorvaldur Guðmundsson Steinn Jónsson og Hartmann Guðmundsson.

Fleira ekki. Fundi slitið.

Jón Sigfússon   Pét. Jónsson
Hannes Hannesson   Guðm Benediktsson

Laugardaginn 9. júní 1934 átti hreppsnefndin í Holtshreppi fund með sér, í Tungu. Verkefni fundarins var aðallega það að jafna niður útsvörum yfirstandandi ár. Jafnað var niður kr. 4000.00 — fjögur þúsund krónum. Þar sem útsvör ~~afturþ~~ síðastliðins árs höfðu lækkað um kr. 67.00 eða ca. 20 % var sú aðferð höfð við niðurjöfnunina að þessu sinni að útsvörin frá f. á. voru lögð til grundvallar og venjulega lækkað um ofangreinda upphæð. Með því lagi fengust út kr. 4000.00 — fjögur þúsund krónur —

2. Eftir ósk oddvita samþykkti hreppsnefndin að færa hreppaveginn upp fyrir Þorgautsstaðir, af því honum hvað ætla að girða hólf til að hafa fé í, sem hann þyrfti að reyna að halda föstu

3. Vegamál.

Hreppsnefndin ákvað að hreppa vegavinnan, skyldi vinnast í hinni svo kallaðri Saurbøjarbrat. af mönnum niðan Stiflurhála, sem hreppsvegavinnu eiga að inna af hendi, að eindanskyldum dagsverkum frá Sléttu, sem ganga eiga í að ryðja úr götu trodningum fyrir utan Sléttu.

En hreppavegavinna úr Stiflu skyldi vinnast fram í Stifluvegi.

Ath. Þess skal getið að dagsverk þau er unnin verða vestan fyrir Ána skulu skoðast sem lánuð austur yfir þar til búið verður að ákveða hvar Vegur verður lagður þar.

Verkstjóri við saurbøjar braut var skipaður Sveinn Jónsson Bjarnargili, en í Stiflu Jón G. Jónsson Tungu

Fleira var ekki fyrir tekið sem á stóð, þatti að bóka um

Fundargjörð upplesin og samþykkt

Fundi slitið

Jón Jónsson

Einar Baldvin Guðmundsson Pétur Jónsson

Árið 1934 fimtudaginn 21 júní kom hreppsnefndin í Haltshreppi saman í Tungu. Þetta var fyrsti fundur hennar eftir hinar nýaf stöðnu hreppsnefndar manna kosningar sem fram fóru 17 júní s.l. Úr gengu úr nefndinni Einar B Guðmundss. Pétur Jónsson og Guðmundur Benediktsson, en kosnir voru Jóhann Guðmundsson Sveinn Jónsson og Guðmundur Benediktsson sem var endurkosinn.
Til þessa fundar var aðallega boðað til þess að kjósa oddvita
Fráfarandi oddviti Jón G Jónsson lýsti því yfir að hann tæki ekki kosning áfram og var því nú gengið til kosninga og kosinn Jóhann ~~hann~~ Guðmundsson á Þrasastöðum með 4 atkvæðum. Því næst fór fram kosning á vara oddvita og hlaut kosningu Sveinn Jónsson á Bjarnargili með þremur atkvæðum

Fjallskil
Mikið var rætt um fjallskil og var málið og engin veruleg ályktun gjörð. Helst var hallast að því að öll austurlínan reyni að samlaga sig um göngur á mánudaginn á öllum austurpartinum framan Stefluháls með því að einn maður frá bæ komi til gangna.
og vestur línan með sömu skilyrðum
Fleira ekki fyrir tekið
fundi slitið
Jóhann Guðmundsson.
Jón G. Jónsson
Guðm Benediktsson
Sveinn Jónsson
Hannes Hannesson

12 ágúst árið 1934 kom hreppsn. Holtshrepps saman á fund í Skóla-
húsi hreppsins, í Stíflu. Einn nefndar-
manninn vantaði: – Guðmund Benidiktsson

I. Rætt var um haustsmölun á fé og
og raðað niður mönnum á plássin eftir
venju. Farið var eftir sömu reglum
og í fyrra, jafnað niður bæði á afrétt
og heimalönd. Var tekin öll fjártala
hreppsbúa, að undanteknu Hraunafénu
og Holtslónsfénu, einnig var tekinn helm-
ingur af aðkeyptu fé. Á þessa fjártölu
var skift þeim fjallskilum, sem þurfa
þóttu á plássin og kom þá út að ein-
fjallskil þurftu fyrir hverjar ~~15~~ 17 kindur.
Fjallskilastjóri var kosinn Sveinn Jónsson
Bjarnargili og réttarstjóri Hartmann
Guðmundsson Þrasastöðum

Fjallskilakaup var ákveðið kr. 5.00

II. Ákveðið var að greiða að Kleppi, á þessu
ári, upp í meðlag með Einari Jónssyni
kr. 500.00 – fimm hundruð krónur.

Jóhann Guðmundsson
Hannes Hannesson
Jón G. Jónsson
Sveinn Jónsson

Árið 1934, laugardaginn 20 október
var haldinn fundur að Stórubrekku
í Holtshreppi til þess að ræða um
ómagaskifti milli Holts- og Haganess-
hreppa. Samþykkt var að skifta til
5 ára, talið frá síðastliðnum fardögum.
Þessum sameiginlegum ómögum var skift:
Holtshreppur hlaut: Hallgrímur Jónsson Siglufj.
Guðjón Jónsson Glerárþorpi
Kristinn Jónsdóttir Akureyri
Einar Jónsson Kleppi
Þorkell Friðriksson Siglufirði
Haganeshr. hlaut: Stefanía ekkja Guðmundar Hafliða
Júlía Donecka Reykjavík
Salbjörgu Jónsdóttir Frostastöðum
Sveinn Sigurðsson Siglufirði
Laufeyju Frímannsdóttir Reykjavík
Guðrúnu Pálsdóttir Akureyri.

Þeir sameiginlegu ómagar, sem kunna
að byggja á þessum áðurgreindu 5 árum
skulu vera þurfalingar ~~þess hrepps~~ og ekki eru þeir taldir þess hrepps, er þeir
teljast til þangað til næstu skifti eiga
að fara fram.
Sem þær Jakobína Jakobsdóttir Akureyri
og Kristín Þorkelsdóttir Melbreið sameigin-
legir ómagar, ~~sak~~ skal gefið með þeim af
báðum hreppum eftir réttum hlutföllum.
Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Hermann Jónsson
Jón Guðmundsson Jón G. Jónsson
Guðm. Benediktsson Hannes Hannesson
Eiríkur Ásmundsson

Árið 1934, sunnudaginn 26 nóv.
var hreppsnefndarfundur haldinn
í skólahúsi hreppsins í Stíflu.

Þetta kom til umræðu:

1. Lögð fram nokkur bréf, til at-
hugunar, er oddvita hafði borist.
Þar á meðal erindisbréf um þrifa-
böðun sauðfjár. Höfðu verið skip-
aðir 3 menn í hreppnum til að hafa
eftirlit með böðuninni, þeir

Jón G. Jónsson Tungu
Sveinn Jónsson Bjarnargili
Guðmundur Benidiktsson Berghyl.

Var hreppnum skift í eftirlitssvæði
milli þessara manna þannig:
Jón G. Jónsson hefur Stífluna.
Guðmundur Benidiktsson hefur partinn
að vestan frá Skeiði að Stekku, að
bænum þessum báðum meðtöldum.
Ennfremur hefur hann Hvamminn, Gil
og Hóla. Sveinn Jónsson hefur
austurhjálkann frá Hólum niður úr.
Þóknun til þessara manna, var ákveð-
in, eftir miklar umræður, 4 aurar á hverja
kind, sem greitist úr sveitarsjóði.

Ennfremur hafði komið til kynn-
ing um að markaskrá Skagafjarðar-
sýslu verði gefin út næsta ár, og lagt
fyrir hreppsnefndina að safna mörkum
í hreppnum það fyrsta. Var ákveðið
að áðurgreindir eftirlitsmenn við
sauðfjárböðunina, söfnuðu mörkunum,
hver á sínu svæði, um leið og þeir
litu eftir böðuninni

2. Fordagæsla. Fóðurbyrgðir hafa verið
athugaðar í hreppnum af þeim mönnum
er það var falið. Eftir skýrslu þeirra
þótti vissara að gera einhverjar ráð-
stafanir með fóðurbyrgðir.
Þótti réttast að snúa sér til

Búnaðarsambands Skagafjarðar sýslu um útvegun á fóðurbæti, allt að 50 pokum af sýldarméli.

3. Skilaréttarbyggingin.

Lagður fram samningur um skilaréttarbyggingu í Knappstaðalandi. Við samning komu engar athugasemdir fram, en ákveðið var að fresta réttarbyggingunni um eitt ár vegna ónógs undirbúnings.

4 Skift á milli umsækjanda, sem voru 7 að tölu, ellistyrktarfé hreppsins, er var að þessu sinni kr. 470, fjögurhundruð og sjötíu kr.

Varð skiftingin sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Kristín Þorkellsdóttir | kr. | 140,00 |
| Guðbjörg Jóhannsdóttir | kr. | 130,00 |
| Arngrímur Sveinsson | kr. | 70,00 |
| Guðrún Jónsdóttir | kr. | 50,00 |
| Guðrún Jóhannsdóttir | kr. | 40,00 |
| Flutt | kr. | 430 |
| Ásta Friðbjarnardóttir | kr. | 20,00 |
| Þuríður Sumarliðadóttir | kr. | 20,00 |
| Als | kr. | 470,00 |

Jóhann Guðmundsson

Jón Jó. Jónsson

Guðm. Benediktsson

Sveinn Jónsson

Hannes Hannesson

Árið 1935. ~~fimtud.~~ Laugardaginn 9 febrúar var almennur hrepps~~nefndar~~ fundur haldinn að Stórubrekku. Til fundarins hafði verið boðað af oddvita með skrifl. fundarboði og nægum fyrirvara, en frekar fáir voru mættir.

Þetta var fyrirtekið

1 Lesin upp styrktarsjóðs skrá hreppsins

2 Samgöngumál.
Sýslunefndarmaður hreppsins Jón Gs. Jónsson bar upp á Þverg. hvað kr 6000 gjaldið skyldi verða hátt á næsta sýslufundi og var samþ. með öllum atkvæðum að sýslunefndarmaðurinn beitti sér eindregið fyrir því að 6000 gjaldið verði 6 á þessu ári, en fari svo að það reynist afkleyft að fá sýsluvegagjaldið svona hátt þá er það eindregin ósk allra fundarmanna að leggja ekki minna á sig en verið hefir til þess að veginum geti fleikt eitt hvað áfram sem um munar.

Þá voru bornar upp og samþyktar eftirfarandi tillögur:

1. Fundurinn samþykkir að skora á sýslufund Skagafjarðarsýslu, að sjá um að nægilegt fé verði veitt, á þessu ári, til sýsluvegarins í Holtshreppi, svo hægt verði að fullgera nýja veginn frá Gilslaug niður á þjóðveg við Ketilás.
Er sýslunefndarmanni Holtshrepps falið að bera upp tillöguna á sýslufundi og beita sér fyrir henni af fremsta megni.

2. Sjái sýslufundur ekki að öllu leiti fært að verða við fyrri tillögunni, er þess krafist að gert verði, snemma á næsta vori, við

sýsluveginn, þar sem hann liggur nú, frá Saurbæ að Ketilás, svo hann verði fær til yfirferðar, þar til nýji vegurinn verður fullgerður.

3. Þar sem undanfarin ár, og þó sérstaklega það síðastliðna, hefur verið varið allmiklu af hreppsvegavinnu Holtshrepps til viðgerðar á sýsluveginum einsog hann liggur nú, frá Saurbæ að Ketilás. Og þar sem það ennfremur er sjáanlegt, samkvæmt biturri reynslu frá síðastliðnu sumri, að þessi vegpartur verður ekki gerður forsvaranlega fær, nema fyrir margfalt hreppsvegagjald Holtshrepps, ákveður fundurinn að Holtshreppur leggi enga vinnu til hans þetta ár. Sjái sýslan ekki skyldu sína í þessu efni og hafi veg þenna ófæran, og nýja veginn ófullgerðan, skal ósleitilega kært yfir því.

Skipulagsmál.

Oddviti gat þess að hann hefði fengið bréf frá skipulagsnefnd í atvinnumálum þar sem hún óskaði eftir áliti hreppsbúa um það hvað frekast væri hægt að gera sveitinni til viðreisnar í bættum atvinnuvegum. Málið var lítillega rætt en þar sem engar ákvarðanir tillögur komu fram var málið tekið útaf dagskrá.

Forðagætsla.

Oddviti bar upp þá tillögu að til þess að koma forðagæslunni í sem best horf þá mundi vera rétt að kjósa forðagæslumenn til 3 ára og skildi hver þeirra hafa í kaup kr 25 um árið

Til laga þessi var samþykkt og hlutu kosningu Stein Jónsson Hring og Jón Gunnlaugsson á Móafelli.

Skilarjettin

Oddviti gat þess að hreppsnefndin hefði frestað rjettarbyggingu sem áformað hefði verið sökum þess að nægur undirbúningur hefði ekki verið til staðar en haustið illviðrasamt. svo ekki hefði verið hægt að stafa að undirbúningi. ~~Samt~~ auk þess er í upp svo rétt sjóðs reikninga Holtshrepps.

Fleira ekki fyrir tekið fundargjörð upplesin og samþykkt

Fundi slitið.

Jóhann Guðmundsson.

Jón G. Jónsson (ritari)

Árið 1935 sunnudaginn 31 mars var hreppsnefndarfundur haldinn í Holtshreppi í skólahúsinu í Stíflu. Einn nefndarmanna Jón G. Jónsson var ekki mættur sökum fjarveru.

Þetta gerðist.

1. Ólafur Jónsson í Skagafirði hefur með milligöngu Jóns Gunnlaugssonar Móafelli gert kröfu til fjallskilasjóðs Holtshrepps um greiðslu fundarlauna á 4 kindum alls kr. 7.50. Þar sem nefndinni er kunnugt um að Jón á Móafelli er búinn að greiða þetta úr sínum vasa samþykkir hún að þessar kr. 7,50 verði greiddar úr fjallskilasjóði, án þess þó að telja það óvirðta skyldu; en slæmt að deilur hefjist um svo litla upphæð.

2. Oddviti lagði fram bréf frá sýslumanni, dags. 1. mars þ. á. þar sem lagt er fyrir hreppsnefndina að gera tillögur um skipun á einum aðalúttektarmanni í Holtshreppi

og tveim mönnum til vara. Var samþ.
með þrem atkvæðum móti einu að leggja
til að Jón G. Jónsson Tungu verði skipaður
aðalúttektarmaður. Einnig var samþykkt
með öllum greiddum atkvæðum að leggja til
að varaúttektarmenn verði skipaðir þeir:
Guðmundur Benidiktsson Bergshyl og
Eiríkur Guðmundsson Tungu.

Fleira kom til umræðu sem ekki
þótti ástæða til að bóka.

Jóhann Guðmundsson

Guðm Benediktsson   Sveinn Jónsson

Hannes Hannesson

Árið 1935 - mánudaginn 13 maí var
hreppsnefndarfundur í Holtshreppi
haldinn á Þrasastöðum. Aðalverkefni
fundarins var að jafna niður útsvörum,
yfirstandandi ár.

Jafnað var niður kr. 3545,00

Sú aðferð var höfð við niðurjöfnunina, að
jafnað var niður eftir efnum og ástæðum
manna, að áliti hreppsnefndar og með
hliðsjón af skattskránni og útsvarshæð
manna síðastliðið ár. Var þetta álitin
heppilegasta aðferðin við niðurjöfnun-
ina í þetta sinn af því líka að útsvars-
þörfin var lægri en í fyrra.

Þá var ákveðið að hreppavegavinnan
á þessu vori skyldi vinnast sem
hér segir: Skylduvinna af vestur-
kjálkanum frá Sléttu að skeiði, að báðum
bæjum meðtöldum vinnist á þeim parti

þar sem mest er þörfin, að áliti
verkstjóra þessarar vinnu, sem er
hérmeð tilnefndur Bogi Jóhannesson.
Frá Gautastöðum, Tungu og Hring sé
unnið í landareign þessara bæja eftir
samkomulagi Jóns G. Jónssonar Tungu,
sem verður yfir þessari vinnu og þeirra
sem vinna eiga þarna.
Sunnan við Tund sé unnið frá
Móafelli Þrasast. Deplum og Tundi,
og sér Jóhann á Þrasastöðum um þessa
vinnu. Gert skal við Melbreiðarbrant
eða ryðja veginn suður frá Knappstaðatúni
með dagsverkum frá Nefsstöðum Melbreið og
Knappstöðum, ennfremur skulu dagsverk
neðan fyrir Stífluhóla ganga í þessa viðgerð.
ef ekki virðist brýn þörf fyrir ~~þau~~ neðan
Stífluhóla. Hannes á Melbreið er tilnefndur
að sjá um þessa vinnu.
Sveinn Jónsson Bjarnargili skal sjá
um vinnuna á austur Kjálkanum neðan

við Stífluhóla. Unnið skal á þeim stöðum
sem brýnust þörfin er eftir áliti Sveins.
Ef ekki er þörf fyrir öll dagsverkin af
Kjálkanum þarna, eiga þau að vinnast
fyrir framan Stífluhóla, sem fyrr segir.
Hreppsnefndinni barst svohljóðandi
fundarályktun frá Framsóknarflokksdeild
Holtshrepps:
„Fundur beinir þeirri ósk til hreppsnefndarinnar
að athuga möguleika fyrir því að samræma
kaupgjald við vegavinnu þá sem fram fer
hér í hreppi á þessu vori í sýsluvegi og þjóð-
vegi, þar sem svo langlátur kaupmis-
munur er í nefndum vegum."

Jóhann Guðmundsson.
Guðm. Benediktsson
Sveinn Jónsson Jón G. Jónsson
Hannes Hannesson

Árið 1935, miðvikudaginn 12 júní
komu hreppsnefndarmenn Holtshrepps
saman á fund á Bjarnargili.

Þetta gerðist:

1. Sýsluvegavinna í Hreppnum.
Í samráði við Garðar Jónsson vega-
gerðarflokksstjóra var áætlað hvað
Holtshreppingum bæri að vinna af fyrir
það fé sem eftir er nú og varð það
57 dagsverk. Var þessum dagsverkum
svo jafnað ~~niður~~ þannig að þau
yrðu unnin af þeim sem minst hafa
áður notið vinnunnar, og vísast um það
til meðfylgjandi lista.

2. Þar sem nú er ljóst orðið að þeir
menn sem vinnu hafa sótt hingað úr
öðrum hreppum fá fult kaup fyrir þá
daga sem þeir eru á ferðalögum, þótti
nefndinni rétt að vegagerðarmenn hér í
hreppi fengju líka eitthvað fyrir ferðir
sínar að og frá vinnunni. Þótti nefndinni
eftir atvikum réttlátt að ákveða það
fyrir hvern mann er vinnuna hefur sótt
úr Stíflu kr. 7,00 og neðan Stífluhóla
kr. 3,75. Var oddvita falið að leita
samþykkis sýslumanns um þessa ákvörðun.

3. Nú stendur til að unnin verði hér
þjóðvegavinna samkv. veitingu á síðustu
fjárlögum kr. 5000,00 og getur verið um
viðhaldsvegavinnu að ræða þar að auki.
Ákvað nefndin að jafna niður vinnu
fyrir kr. 5000,00 og skyldi þá jafnað
niður aftur ef meira fé félli til.
Var jafnað niður 555 dagsverkum og
reiknaðist nefndinni að það yrðu ca.
9 dagsverk á hvern 17 ára mann og
eldri er taldir verða vinnufærir.
Þess skal getið að 17 ára aldur er
aldurs lágmark er verkstjórinn hefur gefið upp
að gildi í þessari vinnu.

í nefndarmanna Hannes Hannesson biðu
þess getið að hann hafi viljað fara eftir
skrá yfir verkfæra menn, með niður-
jöfnun á vinnunni.

Fleira gerðist ekki er þörf
sé að bóka um.

Jóhann Guðmundsson.
Jón G. Jónsson
Sveinn Jónsson Hannes Hannesson
Guðm Benediktsson

Þann 20/6 1935 hélt hreppsnefndin
í Holtshreppi fund með sér að Bjarnagili
3 hreppsnefndarmenn voru mættir.

Þetta var tekið fyrir

1. Oddviti skýrði frá að hann hefði
átt tal við Kristjón Hanssen Verk-
stjóra. um tilhögun á vinnu við
þjóðveginn fyrir framan Stórám,
Hvað hann Kristjón ekki geta tekið
nema fáa menn í einu, en hve
marga væri óvíst, því aðallega yrði
unnið að malburði, á hinn nýbyggða
part Hraunabrautar.
Hreppsnefndin kom sér saman um
að skifta aum flokka daglega þann að
ekkert misrétti komi fram.
Þá kom nefndin sér saman um
að þeir menn sem voru flutt
hiferlum úr sveitinni hefðu ekki
ráðstöfunarrétt á vinnu þenni

til annara.

2. Á fundi 12 jún sem haldinn var að Bjarnargili hafði hreppsnefndin ákveðið* að þeir sem hefðu unnið í Sýsluveginum hefðu nokkra uppbót. Af þeim þénungum sem lagðir voru í Sýsluveginn í Holtshreppi fyrir ferðakostnaði og fól því oddvita að fá því framgengt við sýslumann ~~stopp~~ oddviti frá að það mál væri klárt og sýslumaður hefði sem fyllt tillögur hreppsnefndar.

Fleira kom ekki til umræðu sem bóka þurfti

Sveinn Jónsson  Guðm Benediktsson
Hannes Hannesson

Árið 1935 Miðvikudaginn 26 júní kom hreppsnefndin í Holtshreppi saman í skólahúsi Holtshrepps Miðgarði. Þetta var fyrir tekið.

1 Kosinn oddviti og varaoddviti til næstu tveggja ára. Fyrverandi oddviti Jóhann Guðmundsson flutti burtu úr hreppnum og Hartmann Guðmundsson á Þrasastöðum var kosinn í hreppsnefndina í hans stað í nýafstöðnum hreppskosningum og var hann á þessum fundi kosinn oddviti með 3 atkvæðum.
og varaoddviti var kosinn ~~sá~~ sami og ~~sem~~ áður Sveinn Jónsson á Bjarnargili.

2 Fátækramál
Samþykkt tilboð frá oddvita Aðaldælahrepps þar sem hann býðst til að niðurfalli eftirstöðvar af skuld Árna Magnússonar við Aðaldælahr.

með því skilyrði að Hálshreppur greiði Ásmarnesshreppi þessa ári Kr 300.00 og var tilboðið samþykt með öllum atkvæðum.
3 Fjallskila mál.
Eins og samþykt var á síðustu hreppaskilum var ákveðið að vorgöngur fari fram á föstudag og laugardag, en afréttin verði smöluð á mánudag næst á eftir og austurlínan sameini sig um að hreinsa heiðina. Klaufabrekkudal og austurhvappdal
En svo var gengið útfrá því að vesturlínan legði til 3 menn sinn á hvern dal Vesturhvappdal Másfellsdal og Tungudal.
Fleira ekki fyrir tekið
fundi slitið

Jón G. Jónasson
Hannes Hannesson Hartmann Guðmundsson
Guðm Benediktsson Sveinn Jónsson

Árið 1935 sunnudaginn 18 ágúst var boðað til fundar hreppsnefndar í skólahúsi hreppsins af oddvita hreppsins Hartmann Guðmundssyni til þess að jafna fjallskil um niður á fjáreigendur. 3 nefndarm. voru mætti það kom í ljós að fjártal það sem jafna að var niður á, var 2547 kindur og kom það fram að á svæðið þyrfti 160 fjallskil og urðu því (?) 1 fjallskil fyrir hverja 16 kindur
Kosin var fjallskilastjóri Sveinn Jónsson Bjarnargili og réttarstjóri Guðm. Benediktsson Berghyl. með öllum greiddum atkvæðum
Samþykt var að þeir sem ekki gjöra af hendi fjallskil sín skuldu greiða Kr 5 fyrir hver fjallskil.
Samþykt var að ekki yrði komist hjá því að gera eitthvað við réttina fyrir réttardag. Að öllu þessu athuguðu var oddvita falið að koma niður jöfn

unar plöggunum til fjallskila stjóra sem ekki var mættur á fundinum.
(Fleira ekki fyrir tekið)
Fundargjörð upplesin og samþykt
Í fundarlokin mætti Guðm. Benediktsson á Berghyl og lagði ekki blessunsína yfir störf nefndarinnar.

Jón G. Jónsson
Hartmann Guðmundsson
Guðm Benediktsson Hannes Hannesson

Þann 10/11. 1935 helt hreppsnefnd Holtshrepps fund að Melbreið.
Oddviti Hartmann Guðmundsson setti fundinn og lýsti yfir að allmörg mál lægju fyrir fundinum. Þessir nefndarmenn voru mættir auk oddvita Sveinn Jónsson og Hannes Hannesson.
Fyrst var rætt um starfrækslu símastöðvarinnar á Brúnastöðum. Það mál var svo vaxið, að Pétur Jónsson bóndi á Brúnastöðum hafði verið þar stöðvarstjóri, en nú 2–3 síðustu árin var hann lítið heima og starfrækslan fluttist þá yfir á Jón Arngrímsson bónda sama staðar. Án þess þó að Pétur eða hreppurinn beiddist þess, en hann gerði það svo starfræksluna félli ekki niður, sem hún annars mundi ~~hún~~ hafa gert ~~fallið niður~~. Nú lýsir

Jón því yfir að hann starfrækti ekki lengi stöð lengur endurgjaldslaust. fer hann fram á að fá 50,00 króna þóknun um árið Hreppsnefndin ákvað að stöðin yrði starfrækt þarna, þangað til aðrar ákvarðanir yrðu gerðar.

2 Mál. Þá var rætt um skuld Jóns Jónssonar við Holtshrepp. Skuld þessi er barnsmeðgjöf sem Holtshreppur hefur greitt Akureyrarkaupstað vegna Jóns. Er hún nú að upphæð 365,00 kr. Jón hefur farið þess á leit að fá að borga þessa skuld smásaman eða 100,00 kr á ári. samþykkti hreppsnefndin að svo skyldi vera. Var svo oddvita falið að gera samning við hann þessu viðvíkjandi.

3. Þá var rætt um Guðbjörgu Jóhannsdóttur Stóru-Brekku. Hefur hún verið þar nokkur undanfarin ár og nú síðustu árin legið rúmföst. Nú fara þau systkinin Hjalti Kristjánsson og María systir hans, þess á leit að skólinn hafa skjólshúsi yfir hana og mann hennar, þess á leit að hreppurinn greiði 100,00 krónur með henni. Hreppsnefndin vildi engar ákvarðanir taka í þessu máli að svo stöddu.

4. Skift á milli umsækjanda, sem voru 11 að tölu, ellistyrktar fé hreppsins, er var að þessu sinni 500,00 krónum, að viðbættum 108,00 kr úr sveitarsjóði, sem heimild stendur til.

Vart skifting sem hér segir:

| | |
|---|---|
| "Ásta Friðbjarnardóttir | 40,00 kr |
| Guðbjörg Jóhannsdóttir | 170,00 kr |
| Guðrún Jónsdóttir | 75,00 kr |
| Þuríður Sumarliðadóttir | 35,00 kr |
| Guðrún Jóhannsdóttir | 55,00 kr |
| Arngrímur Sveinsson | 50,00 kr |
| Ásbirtur Sigurðardóttir | 50,00 |

| | |
|---|---|
| Jón Gunnarsson | 48,00 kr |
| Aðalbjörg Jónsdóttir | 30,00 kr |
| Jóhannes Friðbjarnarson | 25,00 kr |
| Guðný Pétursdóttir | 30,00 kr |
| Samtals | 608,00 kr |

5. Helgi Daníelsson á Sléttu gerði hreppnum tilboð um kaup á heyi er hann kvaðst hafa aflögu. Nefndin gat enga fasta ákvörðun tekið í þessu máli, bæði vegna þess að, engar skýrslur láu fyrir frá skoðunarmönnum og nefndin vissi ekki heldur hvað heyið átti að kosta.

Fleira ekki fyrir tekið

Hannes Hannesson
Hartmann Guðmundsson
Sveinn Jónsson

Sunnudaginn 2. febrúar 1936 hélt hreppsnefnd Holtshrepps fund að Miðgarði. Allir hreppsnefndarmenn voru mættir.

Þetta var tekið fyrir:

1. Lagðir fram reikningar hreppsins til athugunar fyrir hreppsnefnd, fór nefndin yfir þá og fann ekkert athuga vert, og voru þeir samþykktir.
2. Talað var um að sækja um kreppulán fyrir hreppinn, en engar endanlegar ákvarðanir teknar.
3. Nefndin ákvað að fastsetja til kaups hey það sem Helgi Daníelsson er heima að Sléttu ef um verð semur, en fremur að stoppa heysölu hjá Einari B Guðmundssyni Hraunum þar til skoðun á fóðurbyrgðum hafa fram farið. Þá var og ákveðið að reyna að fá greiðslufrest á síldarmjöli því, sem hreppurinn hefur fastsett ~~hjá~~ að kaupa af Síldarverksmiðju ríkisins

á Siglufirði.

4. Skift læknavitjanastyrk fyrir árið 1934. Þessir hlutu styrk. Kr.

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Jón G Jónsson Tungu | 20,00 |
| 2. | Þorlákur Stefánsson Gautastöðum | 20,00 |
| 3. | Steinunn Antonsdóttir Nefstöðum | 35,00 |
| 4. | Jónas Antonsson Nefstöðum | 35,00 |
| 5. | María Guðmundsd. Lundi | 20,00 |
| 6 | Jóhannes Bagason Gautastöðum | 20,00 |
| | Samtals | 150,00 kr |

5. Kosin áfengisvarnar-nefnd þessir hlutu kosningu Jón Arngrímsson Brúnastöðum og Jóhannes Bagason Gautastöðum. Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið

Hannes Hannesson

Steinn Jónsson Hartmann Guðmundsson.

Guðm Benediktsson Jón G. Jónsson

Árið 1936 föstudaginn 14 febrúar var almennur hreppsfundur haldinn á Stóru-Brekku. Oddviti hreppsins Hartmann Guðmundsson setti fundinn og nefndi til skrifara Jón G Jónsson.

Þetta var fyrir tekið

1 Samgöngumál.

Sýslunefndar maður hreppsins bar fram bar þá tillögu að að þrómillen gjaldið inti á þessum 06. og var sú tillaga samþykt með öllum ~~gr~~ atkvæðum.

Þá var mikið rætt um það hvaða leiðir væru heppilegastar til þess að hægt væri að undirbyggja veginn í Austurfljótum komist sem allra fyrst í notkun. Fram komu margar hugmyndir og mismunandi. og loks kom fram sú tillaga að hreppsnefnd sendi ýtarlegt erindi

til Sýslunefndar og lenti á því
fyrsta leiðir sem hún teldi heppi-
legastar fyrir framgangmálsins.

2 Dýralækninn.
Allir voru á einu máli um það, að
Sjálfsagt væri að Guðm. Arnason
d.l. á Sauðag kraki léti það ekki
undir höfuð leggjast að heimsækja
Hallshrepps búa ekki síður en aðra.

3 Forðagæslumál.
Forðagæslum. hreppsins fór fram
langsam á Máafelli gerði grein
fyrir fóðurbyrgða ástandum hreppsins
Eftir nokkrar umræður var öllum
þessum fóðurbyrgðar vandræðum vísað
til hreppsnefndarinnar.

4 Lesinn upp sveitarsjóðsreikningar
Hallshrepps fyrir árið 1935 með
fylgiskjölum og skýringum.
og sömuleiðis Fjallskilasjóðs reikningar
hreppsins fyrir sama ár.
Undir umræðunum ~~upp~~ um hrepps-
reikninginn kom ~~te~~ fram ályktun um það
að Hallshreppur mundi eiga inni stæðu hjá
Hjaltastaðahreppi @ 600 krónur. Fundurinn
krefst þess að upphæð þessi verði tekin inn
í reikning hreppsins og gengið fram í
því að krefja Hjaltastaðahrepp um skuld
þessa.

Fleira var ekki fyrir tekið
Fundargjörð upplesin og samþykkt
Fundi slitið

Jón G. Jónsson
Halldór Guðmundsson

Þann 17/3. 1936 kom hreppsnefndin í Hallshreppi
~~sem sampykt~~ að Miðgarði. 4 nefndarmenn voru
mættir: Þetta var tekið fyrir
1. Vega mál. Sýslunefndar maðurinn Jón G. Jónsson
hafði skrifað allítarlegar tillögur til sýslufundar

um vegamálin og tók þar fram ýmar sampykt sem gerðar voru á miðsvetrarfundi hreppsins. fanst hreppsnefndinni ekki þurfa vit þat að bæta og var það sampykt.

2. Hreppulán. Sampykt var að reyna að fá hreppulán fyrir hreppinn, og kom nefndin sér saman um að fá Pétur Jónsson frá Brúnastöðum sem umboðsmann ~~sinn~~ vit lántökuna.

3. Oddviti gat þess að Sýslumaður hefði talat vit oddvita Haganeshrepps um það að hreppsbyggðamyndi fyrir þá hreppa, sem þyrftu að fá lán vegna fóturbóla kaupa, að taka það hjá sýslunni. Hreppsnefndin kom sér saman um að ~~fá~~ snúa sér að því og fál Jóni G. Jónssyni umboð fyrir sína hönd vit lántökuna.

4. Skólahúsmál. Oddviti gat þess að ekki yrði lengur hjá því komist að gera vit skólahúsit Mitgarð. 2 menn voru mættir frá félaginu Von, þeir Steinn á Hring og Kristinn í Tungu. Félagit vildi fá húsit stækkat um 3 álnir, og fá kjallara undir það. Málit var talsvert rætt af beggja hálfu og varð það að samkomu lagi að fá kosnaðar áætlun um stækkunina áður en ákvörðun yrði tekin.

5. Kom fram tillaga frá Jóni G Jónssyni svo hljóðandi: Fundurinn sampykir að hreppsnefndin athugi eftir því sem föng standa til, hvað sjúkrasjóðsstofnun, mundi kosta hreppinn og hvern gjald krefan með lim og leggja fyrir næstu hreppaskil.

6 Þá var skift heyi því sem hreppurinn hafði keypt af Helga á Stettu. ~~Kom~~ Nefndinni saman um í samráði við, forðagæslumann skoðunarmann sveitarinnar um að láta þá sem bágstaddastir væru hafa heyit. Þessir fengu heyit

| | | |
|---|---|---|
| Móafell | 28 | bagga |
| Minnibær | 8 | bagga |
| Stærribrekka | 10 | — |
| Jakop | 10 | — |
| Sigurður Hal | 10 | — |
| Knappstaðir | 18 | |
| Melbreið | 8 | |
| Helmar Tungu | 8 | |
| samtals | 100 | baggar |

Hreppsnefndin ákvað að fá Gaðm á Berghyl til þess að vera vit útdeilun á heyinu

Fleira ekki fyrir tekit fundi slitið

Hannes Hannesson  Jón G Jónsson

Hartmann Guðmundsson  Lárus Jónsson

Jón G Jónsson Gjaldkeri